

Ár 2008, mánudaginn 14. apríl, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 5/2008:

A  
og  
B.

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Amfríður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn Hákonarson.

Upp er kveðinn svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR:

### 1. MÁLSADILAR

Málshefjandi er A, sbr. erindi hans til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 31. mars 2008. Erindi málshefjanda beinist að B prest í ...kirkju, Kópavogi.

### 2. KRÖFUGERD

Málshefjandi krefst þess að gagnaðili verði talinn hafa gerst brotlegur í starfi vegna framgöngu sinnar í jólaheimsókn skólabarna úr ...skóla í ...kirkju í desember 2007.

### 3. MÁLAVEXTIR

Í erindi málshefjanda kemur fram að sonur hans, sjö ára, stundi nám í ...skóla. Fyrir jólin 2007 hafi sonurinn heimsótt ...kirkju með skóla sínum. Af frásögn sonarins telur málshefjandi sig geta ráðið að sonurinn hafi verið látinn taka þátt í bænahaldi ásamt því að ákveðinn trúarlegur boðskapur hafi verið innrættur honum. Í erindinu kemur fram að málshefjandi og móðir drengsins aðhyllast ekki kristna trú og finnst því full langt gengið þegar sonurinn, í ferð á vegum skólans, sé látinn spenna greipar og biðja til Guðs. Jafnframt kemur fram að málshefjandi og móðir drengsins telja það ekki kost að sonurinn taki ekki þátt í kirkjuheimsóknum af þessu tagi. Fyrir því rekur málshefjandi tvær ástæður, annars vegar að því fylgi veruleg óþægindi að slíta soninn frá hópnum, sem hugsanlega geti leitt af sér einelti, en einnig vegna þess að skólinn bjóði ekki upp á neina aðra afþreyingu meðan farið er í kirkjuna.

### 4. NIÐURSTAÐA

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot þá geti hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. 13. gr. sömu laga.

Sérstakar starfsreglur hafa verið settar um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998. Samkvæmt 5. gr. starfsreglnanna skal úrskurðarnefndin, þegar beiðni um úrlausn hefur borist henni, meta hvort úrlausnarefnið heyri undir nefndina. Í því felst að meta hvort úrlausnarefnið teljist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi og varði með

U.þ.  
H.H.  
9.?

einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar. Til viðbótar metur nefndin hvort málshefjandi teljist eiga hagsmuna að gæta af því að fá efnislega meðferð hjá nefndinni á erindi sínu.

Kröfugerð málshefjanda er sprottin af því að hann er ósáttur við það að skóli sá sem sonur hans gengur í í Kópavogi hefur efnt til samstarfs við ...kirkju.

Óánægja málshefjanda snýr þannig að samstarfi kirkju og skóla. Slíkt samstarf telur nefndin ekki falla undir það að vera ágreining á kirkjulegum vettvangi. Þá telur úrskurðarnefndin að óánægja málshefjanda með samstarf skóla þess sem sonur hans gengur í og ...kirkju geti hvorki talist varða kirkjulegt starf né starfsemi á vegum þjóðkirkjunnar í þeim skilningi sem starfsreglumar byggja á.

Erindi málshefjanda er því vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

#### Úrskurðarorð:


Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu málshefjanda A um að gagnaðili B verði talinn hafa gerst brotlegur í starfi vegna framgöngu sinnar í jólaheimsókn skólabarna úr ...skóla í ...kirkju í desember 2007.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.<sup>1</sup>


Reykjavík, 14. apríl 2008.



Dógg Þálsdóttir



Amfríður Einarsdóttir



sr. Hreinn Hákonarson

<sup>1</sup> Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.